



Verð sjávarafurða stígur hratt

Verð sjávarafurða í erlendri mynt hefur stigið hratt á síðustu mánuðum og er nú komið ansi nálægt því tímabundna hámarki sem það náði áramótin 2011/2012. Frá febrúar til apríl hækkaði verðið um tæp 5% og þarf að leita allt aftur til október 2010 til að finna viðlíka hækkun á svo stuttu tímabili. Verðið í apríl var 11,6% herra en meðalverðið frá 2006 til 2014.

Verð á uppsjávarfiski í hámarki

Verð á uppsjávarfiski hækkaði verulega frá febrúar til apríl sem og verð á mjöli og lýsi. Þannig hefur verð á uppsjávarfiski hækkað um 13% milli febrúar og apríl og hefur ekki mælst herra svo langt aftur sem tölurnar ná, eða til ársins 2006. Mjög sterk leitni hefur verið til hækkunar allt síðan 2006 og hefur verðið hækkað um 170% frá janúar 2006. Mjög sambærilegar hækkanir hafa orðið á mjöli en það hefur hækkað um 11,5%. Hækkanir á lýsi hafa hins vegar verið mun meiri eða 31% á sama tímabili.

Minni verðsveiflur í botnfiski


Verð á botnfiski hefur einnig hækkað á síðustu mánuðum en nokkuð minna en í uppsjávarfiski. Verðbreytingar í botnfiski eru jafnan minni en í uppsjávarfiski. Verð á bæði ýsu og þorski hefur hækkað töluvert á sama tímabili. Verð á ferskum þorski og ýsu hefur hækkað á síðustu mánuðum en verð á ferskum steinbít lækkað.

Í þjóðhagslegu tilliti skiptir verð á íslenskum sjávarafurðum verulega miklu máli enda um að ræða eina stærstu útflutningsstoð landsins. Lægra verð í erlendri mynt hefur í för með sér lægri gjaldeyristekjur að öðru gefnu sem aftur hefur áhrif gengi krónunnar og fleiri þætti.

Aflabrestur á loðnu


Sjávarútvegurinn varð af töluverðum tekjum á síðustu vertíð vegna töluverðs samdráttar á veiðum á loðnu á sama tíma og verð á uppsjávarfiski var svo hátt sem raun ber vitni. Hafrannsóknarstofnun gerir ráð fyrir að veiðar á loðnu muni nema 450 þúsund tonnum á næsta fiskveiðiári sem yrði þá aðeins

Verð sjávarafurða í erlendri mynt



Heimild: Hagstofa Íslands


Verðþróun á afurðum



Verð í erlendri mynt

Heimild: Hagstofa Íslands

Veiðar á loðnu og spá



Veiðar á vorvertíð og spá Hafrannsóknarstofnunar um veiðar fyrir næsta fiskveiðiár

Heimild: Hagstofa Íslands, Hafrannsóknarstofnun

meiri veiði en árið 2013 og um ferfalt meiri veiði en nú í vor.


Minna aflamagn á árinu skýrist að nær öllu leyti af aflagbresti í loðnu

Aflamagn á fyrstu 5 mánuðum ársins nam tæpum 500 þúsund tonnum til samanburðar við 790 þúsund tonn á sama tíma í fyrra. Munurinn skýrist að nær öllu leyti af minni veiðum í loðnu. Veiðar jukust langmest á milli ára í tonnum talið í kolmunna en alls veiddust 155 þúsund tonn á þessu ári sem eru 57 þúsund tonnum meira en á sama tíma í fyrra. Af mikilvægustu tegundunum jukust veiðar á þorski um 3.400 tonn en ákvörðun um heildaraflamark jókst um 9,7% milli fiskveiðiáranna 2012/2013 og 2013/2014.

Loðnan skýrir mest af sveiflum í útflutningsverðmæti

Af einstökum tegundum hafa veiðar á loðnu haft mestu áhrifin á breytingu í heildarútflutningsverðmæti sjávarafurða frá landinu. Aðrar tegundir sem einnig hafa haft töluverð áhrif eru síld, kolmunni og makrill en sammerkt er með öllum þessum tegundum að vera uppsjávartegundir. Breytingar í þorskveiðum hafa einnig haft sín áhrif enda langmikilvægasta tegundin hvað útflutningsverðmæti snertir. Hlutfallslega sveiflur í veiðum á þorski eru þó töluvert minni en í uppsjávartegundum. Oft hefur verið uppi á teningnum að þegar veiðar í einni uppsjávartegundinni hafa dregist saman hafa veiðar á annarri aukist og þar með dregið úr áhrifum á breytingu heildarútflutningsverðmætis. Þetta á t.d. við á tímabilunum 2002-2006 og 2008-2012.

Breyting í útflutningsverðmæti og framlag einstakra tegunda



Sýnir hlutfallslega breytingu í heildarútflutningsverðmæti sjávarafurða og framlag þeirra tegunda sem mest áhrif hafa á heildarbreytinguna

Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.